

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 27. mars 2023
UST202303-196/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Úthlíð - Fristundabyggð svæði 5a – Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 17. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Úthlíð í Bláskógabyggð. Í greinargerð kemur fram að í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið frá árinu 1993, en vegna fjölda breytinga á því skipulagi, breyttum kröfum til skipulags frá því gildandi deiliskipulag var gert og frekari fyrirhugaðra breytinga er áætlað að skipta skipulagssvæðinu í 5 svæði gera nýjar skipulagstillögur fyrir hvert. Auk þess segir að gildandi deiliskipulag mun falla úr gildi við gildistöku nýja skipulagsins. Einnig kemur fram að deiliskipulagið nær til svæðis 5a sem er 79,6 ha að stærð. Innan þess svæðis eru lóðir við göturnar Djáknahlíð, Djáknavæg, Djáknabrunir, Mosabrunir og Mosaskyggni. Á hverri lóð er heimilt að byggja frístundahús, gestahús og geymslu, en svæðið hefur verið byggt upp að stórum hluta.

Stefna sveitarfélagsins í aðalskipulagi

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins segir að frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis. Hins vegar er hér lögð fram deiliskipulagsáætlun á svæði sem er verðmætt vegna náttúrufars, á svæðinu er mikilvægt fuglasvæði, hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og hverfisverndaður birkiskógur. Því er óljóst að mati stofnunarinnar hvort tillagan sé í samræmi við ákvæði aðalskipulags. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svæðið sé hannað með þeim hætti að það raski ekki verðmætir náttúru. Sama á við um svæði 5b þar sem framtíðar uppbygging á því svæði mun raska hrauni og birkiskógi.

Lambahraun - náttúruverndarlög

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er nýtur Lambahraun sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í almennum skilmálum segir að þess skal gætt að raska ekki landi eða jarðmyndunum að óþörfu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilmálarnir séu í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á að ber að forðast röskun á hrauninu nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Svæðið er að stórum hluta byggt sem hefur valdið raski á hrauni. Að mati Umhverfisstofnunar mun frekari uppbygging valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Umhverfisstofnun hvetur því sveitarfélagið að afmarka óbyggðar lóðir og byggingareiti með þeim hætti að það raski ekki hrauni og sama á við um framtíðaruppbygging á óbyggðum svæðum (m.a. á svæði 5b). Auk þess vill stofnunin hvetja sveitarfélagið til þess að skilgreina og afmarka frístunabyggðir í sveitarfélaginu utan verndarsvæða.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur